

Vegagerðin
Hrafnkell Már Stefánsson
Borgartúni 5-7
105 Reykjavík

Reykjavík, 17. desember 2021
UST202111-281/B.S.
10.05.00

Efni: Sjóvarnir á Álftanesi - Helguvík og Bessastaðanes. Umsögn

Vísað er til erindis Vegagerðarinnar dags. 29. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreindar framkvæmdir.

Umhverfisstofnun vill benda á að fyrirhugaðar sjóvarnir á Álftanesi eru annars vegar innan fólkvangsins Hliðs og hins vegar á Bessastaðanesi sem væntanlega verður friðlýst á allra næstu dögum. Ljóst er að nú þarf Vegagerðin að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna framkvæmda við Hlið og þá einnig vegna framkvæmda á Álftanesi ef ferli friðlýsingar klárast eins og vonir standa til.

Umhverfisstofnun hefur þegar bent Vegagerðinni á að ljúka ætti framkvæmdum fyrir varp- og ungatíma fugla og er miðað við tímabilið frá 1. maí til loka júlímánaðar eða að hefja framkvæmdir að loknum þessum tíma.

Umhverfisstofnun hefur kynnt sér drög að verklýsingu og er hún að mati stofnunarinnar of almenn til að hún að óbreyttu eigi við framkvæmdir á verndarsvæðum.

Taka á af öll tvímæli um að umferð utan skilgreinds vinnusvæðis er óheimil og Umhverfisstofnun vill leggja áherslu á að aðkoma að vinnusvæðinu verði ákveðin í samráði við Umhverfisstofnun en ekki látin alfarið í hendur verktaka. Þetta á sérstaklega við varðandi Bessastaðanes á Álftanesi þar sem skoða ætti vandlega hvort ekki sé hægt að komast á verkstað eftir fjörunni til að hlífa örugglega minjasvæði og grónu landi.

Virðingarfyllst,

Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
Sérfræðingur